

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. mars 2017
UST201703-049/B.S.
10.05.05

Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - jarðhiti - Skjálftavatn í Kelduhverfi. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind umsókn.


Orkuveita Húsavíkur ráðgerir að nýta borholu BA-04 til vatnsöflunar fyrir hitaveitu í Kelduhverfi. Fram kemur í gögnum Orkuveitunnar að holan gefi um 20 l/s en sótt er um að nýta allt að 5,0 l/s að meðaltali og allt að 8 l/s á álagstímum. Sótt er um leyfi til 50 ára.


Umrætt svæði telst til svæðis nr. 532 á náttúruminjaskrá og er náttúruverndargildi talið vera: *Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.*

Eins og fram kemur í umsókninni hafa holur þegar verið boraðar á umræddu svæði við fyrri rannsóknir. Þar á meðal holan sem nú er ráðgert að nýta. Því má ætla að svæðinu næst borholunni og aðkomu að henni hafi þegar verið raskað. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að vanda til vals á lagnaleiðum frá borholunni og nýta vegi og slóðir sem þegar hafa verið lagðar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða nýtingu, en hvetur Orkustofnun til að gera kröfur um góða umgengni og vandaðan frágang á svæðinu.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri